



Úthlutun styrkja úr Rannsóknarsjóði síldarútvegsins á árinu 2019

Á árinu 2019 styrkir Rannsóknarsjóður síldarútvegsins þrjú fræðslu- og kynningarverkefni í sjávarútvegi, samtals um 8,5 milljónir króna. Jafnframt styrkir Félag síldarútgerða tvö verkefni um 4,6 milljónir króna. Eftirtalin verkefni eru styrkt að þessu sinni:

Heiti verkefnis: Unnur Ægis, (Sealife). Heimasíða.

Verkefnisstjóri: Guðrún Arndís Jónsdóttir

Samstarfsaðilar: Sævor, Samherji og Sjávarútvegsmiðstöð HA

Styrkupphæð: 3.000.000 kr.

Markmið verkefnis: Markmið verkefnisins; birting á einstöku myndefni sem tekið er neðansjávar og í vötnum landsins sem nýtist við rannsóknir, fræðslu fyrir sjávarútveg og almenning. Myndefnið flokkast í nokkra flokka; ljósmyndir og myndbönd af fiskum, ljósmyndir og myndbönd af sjávarbotni, ljósmyndir og myndbönd af botni vatna og því lífríki sem þar er.

Heiti verkefnis: Lífið í fjörunni. Fræðslurit fyrir skóla og almenning

Verkefnisstjóri: Jóhann Óli Hilmarsson

Samstarfsaðilar: Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson

Styrkupphæð: 2.500.000 kr.

Markmið verkefnis: Markmiðið er að efla náttúrufræðslu, sérstaklega útikennslu í líffræði, með því að gera nemendum, kennurum og almenningi kleift að greina helstu fjörulífverur og algengustu gerðir lífræns rek. Fjallað verður um hvernig megi nýta ýmsar algengar fjörulífverur til matar. Jafnframt um fjörugerðir og hvernig leggja megi mat á hreinleika fjörunnar.

Heiti verkefnis: Stuðningsefni fyrir rafrænar kennslubækur um sjávarútveg í grunnskólum og innleiðing efnis

Verkefnisstjóri: Jóhannes Aðalbjörnsson

Samstarfsaðilar: Grunnskólinn á Suðureyri og Háskólinn á Akureyri

Styrkupphæð: 2.000.000 kr.

Markmið verkefnis: Útgáfa stuðningsefnis fyrir rafrænu kennslubækurnar Íslenskur sjávarútvegur á 21. öld (4 bækur). Skrifa glæsur, verkefnabók, kennsluleiðbeiningar og afmarka efni hverrar kennslubókar innan kennsluskrár. Markhópur verkefnisins eru kennarar á mið og efra stigi grunnskóla. Markmiðið er að kennarar fái heildarlausn til kennslu á öllu ferlinu frá hráefni í hafinu til afurðar á disk neytenda.

Heiti verkefnis: „Miklu meira en fiskur – gríptu tækifærið“

Verkefnisstjóri: Karl Eskil Pálsson

Samstarfsaðilar: N4 og Tækniskólinn

Styrkupphæð: Styrkt af Félagi síldarútgerða um 3.000.000 kr.

Markmið verkefnis: Gerðir verða fjórir 30 mínútna sjónvarpsþættir um nám er hentar þeim er vilja starfa við alþjóðlega atvinnugrein, þar sem hátækni er alsráðandi. Áhersla verður lögð á að sýna fjölbreytni starfa, enda sjávarútvegur „miklu meira en fiskur“. Hvetja ungt fólk til þess að huga að námi er tengist sjávarútvegi og hátækni tengd henni.

Heiti verkefnis: Menntanet sjávarútvegsins

Verkefnisstjóri: Hrefna Karlsdóttir

Samstarfsaðilar: Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi í samstarfi við skóla

Styrkupphæð: Styrkt af Félagi síldarútgerða um 1.600.000 kr.

Markmið verkefnis: Koma á vefsíðu sem gefur yfirlit yfir aðgengilegt fræðslu- og kynningarefni og námsleiðir í sjávarútvegi. Útbúa gagnagrunn fyrir fræðslu- og kynningarefni í sjávarútvegi.